

**Námsvísir í Hönnun og smíði í 4.bekk**

Kennari:	Sesselja Guðmundsdóttir
Tíma fjöldi	80 mínútur á viku, hálf t skólaár
Grunnþættir menntunar	Sköpun; Smíðavinna felur í sér ígrundun, gagnrýna hugsun og sjálfsmat. Nemendur leita lausna á vandamálum og hanna eigin gripi. Læsi; Nemendur lesa verklýsingar og æfa þannig lesskilning og byggja upp orðaforða og þekkingu á hugtökum. Jafnrétti; Umburðarlyndi gagnvart öðrum og mögulegum vinnuhljóðum/umgangi. Heilbrigði og velferð; Stundum er unnið utandyra. Samvinna, virðing fyrir öðrum og vinnu þeirra, sem og öryggi á vinnusvæði eru mikilvæg. Lýðræði og mannréttindi; Nemendur sýna hver öðrum virðingu, taka ábyrgð á eigin vinnu og umgengni. Valverkefni bjóða upp á frjálsa vinnu. Sjálfbærni; Útikennsla inniheldur umhverfismennt. Rætt er um virðingu fyrir auðlindum, nýtni, endurnýtingu og endurvinnslu.
Lykilhæfni úr námskrá	Tjáning og miðlun Við lok skólaárs getur nemandi; unnið listrænt verkefni þar sem form og innihald tjá hugmynd eða upplifun; veitt athygli því þegar kennari talar, tekið þátt með því að spyrja spurninga og svara þeim út frá umræðuefninu; unnið með ný orð munnlega og í texta Skapandi og gagnrýnin hugsun Við lok skólaárs getur nemandi; spurt einfaldra spurninga um nám sitt; nýtt styrkleika sína í skapandi verkefnavinnu; tengt saman ólík viðfangsefni; sagt frá eigin hugmynd og hvernig hún virkar; tekið endurgjöf frá kennara og starfsfólki og nýtt að einhverju leyti til framfara; skilið að það er mikilvægt að gefast ekki upp þó eitthvað sé erfitt; greint aðalatriði í viðfangsefnum sínum Sjálfstæði og samvinna Við lok skólaárs getur nemandi; unnið sjálfstætt eftir að hafa fengið leiðsögn frá kennara; valið sjálfur hvað hann vill vinna þegar val er í boði; spurt spurninga um nám sitt; unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum; borið ábyrgð á eigin framkomu og sýnt jafningjum tillitssemi; gert breytingar á verkefni í samræmi við endurgjöf kennara; sýnt jákvætt viðhorf til endurgjafar Ábyrgð og mat á eigin námi Við lok skólaárs getur nemandi; sýnt þrautseigju og gefst ekki upp þegar hann mætir áskorun; skilið muninn á fastmótuðu hugarfari og hugarfari vaxtar; sagt frá upplifun sinni þegar markmiði er náð; metið gæði eigin vinnu með stuðningi frá kennara og viðmiðum um árangur; áttað sig á því hvernig ýmsir þættir námsins eru mikilvægir í hinum ýmsu störfum
Kennsluaðferðir	Sýnikennsla, samvinnunám, verkefnavinna.
Hæfniviðmið úr námskrá	Nemandi



	• þekkir algengustu verkfæri í trésmíði og getur útskýrt á einfaldan hátt virkni þeirra, • þekkir almenn smíðaefni og getur á einfaldan hátt útskýrt notkun og eiginleika þeirra, • getur framkvæmt nokkrar aðferðir til festinga, • beitir líkamanum rétt við vinnu sína og sýnir rétta notkun hlífðarbúnaðar, • getur dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar, • getur unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit, • getur sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virknipætti í smíðisgripum, svo sem vogarafl, gorma og teygjur, • getur bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast daglegu lífi, • getur greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir, • getur valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi, • sýnir góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með, • getur gengið frá eftir vinnu sína
Námsmat	Leiðsagnarmat, nemendur fá endurgjöf meðan unnið er. Gátlistar tengdir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og markmiðum fyrir hvern nemanda.  Framúrskarandi  Hæfni náð  Á góðri leið  Þarfnast þjálfunar  Hæfni ekki náð

Kennsluáætlunin er lifandi skjal og getur tekið breytingum á skólaárinu.

Tímabil	Námsþáttur og námsefni	Hæfniviðmið
Vikur 1 - 3 / 15 - 17	Örugg aðferð við tálgun, líkamsbeiting, viðartegundir (ösp, reyniviður)	• beitir líkamanum rétt við vinnu sína og sýnir rétta notkun hlífðarbúnaðar, • getur valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi, Lykilhæfni: Sjálfstæði og samvinna Nemandi getur unnið



		eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á; tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
Vikur 4 – 11 / 1 - 8	Útsögun, pússun, borun, festingar, verkfæra- og líkamsbeiting. Búinn til leikfangahestur, beisli á hann heklað í textílmenn.	• þekkir algengustu verkfæri í trésmíði og getur útskýrt á einfaldan hátt virkni þeirra, • þekkir almenn smíðæfni og getur á einfaldan hátt útskýrt notkun og eiginleika þeirra, • getur framkvæmt nokkrar aðferðir til festinga, • beitir líkamanum rétt við vinnu sína og sýnir rétta notkun hlífðarbúnaðar, • getur unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit, • sýnir góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með, • getur gengið frá eftir vinnu sína
Vikur 12-17 / 9 - 14	Valverkefni. Sköpun, verkáætlun, sjálfstæð vinnubrögð, verkfæranotkun, mat á eigin vinnu. Rætt um orkugjafa, tækni og lausnir.	• sýnir góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með, • getur dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar, • getur unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit, • getur bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast daglegu lífi, • getur greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir, • getur valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi, Lykilhæfni: • gerir sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi. • getur skipulagt efnistöð og aðferðir við úrlausn verkefna;



		tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur; • getur gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta á skapandi hátt. • getur notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefninu • getur gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum, tilfinningum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.
--	--	---